

Samningur

mennta- og menningarmálaráðuneytis við Samband íslenskra námsmanna erlendis

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt ráðuneyti, og Samband íslenskra námsmanna erlendis, kt. 550269-4229, í samningi þessum nefnt SÍNE, gera með sér svofelldan samning.

1. Markmið og starfsemi

1.1. Meginmarkmið með samningi þessum eru að:

- standa vörð um hagsmuni íslenskra námsmanna erlendis, ýmist með samskiptum við nemendur sjálfa, stjórnvöld eða aðra hagsmunaaðila.
- tryggja upplýsinga- og ráðgjöf til námsmanna erlendis og þeirra sem hyggja á nám erlendis.
- tryggja framgang stefnu málefnasviðs 21 - Háskólastig í málaflokkum 21.1 - Háskólar og 21.2 – Rannsóknarstofnanir sbr. fjármálaáætlun 2020-2024.

1.2. Starfsemi

- SÍNE rekur skrifstofu sem er aðgengileg félagsmönnum og öðrum sem eru að velta fyrir sér námi erlendis.
- SÍNE veitir upplýsingar og ráðgjöf til námsmanna erlendis og þeirra sem hyggja á nám erlendis.
- SÍNE svarar fyrirspurnum sem berast varðandi nám erlendis.
- SÍNE verður stjórnvöldum innan handar varðandi upplýsingagjöf og miðlun upplýsinga til námsmanna erlendis.
- SÍNE ásamt Rannís rekur vefsíðuna Farabara.is
- SÍNE gefur út tímaritið Sæmund reglulega.
- SÍNE á í samstarfi við LÍS og hefur m.a. fulltrúa í fulltrúaráði þess.
- SÍNE situr í stjórn LÍN þar sem það gætir hagsmuna námsmanna erlendis.
- SÍNE situr í varastjórn LUF þar sem það gætir hagsmuna ungs fólks.
- SÍNE aðstoðar lánþega LÍN, hvort sem þeir eru á leið í nám, á leið heim úr námi eða staddir erlendis við nám. Þjónustan felst í upplýsingagjöf, útskýringum á regluverki LÍN og aðstoð við málarekstur.
- SÍNE lýsir sig sömuleiðis reiðubúið til hvers konar samstarf sem stuðlar að eflingu náms erlendis og bættum kjörum námsmanna.

2. Forsendur samnings og lagaheimildir

- 2.1. Ráðuneytið gerir samning þennan á grundvelli heimildar í 42. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.
- 2.2. Árlegt framlag ráðuneytisins til samnings þessa er 2 m.kr.
- 2.3. Framlag í samningi þessum kemur frá málaflokki 21.2 og fellur undir stefnu ráðherra á málefnasviði 21 í málaflokkum 21.1, og 21.2 sbr. 20. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.

LJA / JGB

- 2.4. Verði gerð breyting á fjárheimildum til málaflokkum 21.1 eða 22.2 í fjárlögum geta aðilar tekið upp viðræður um aðlögun rekstrarins að breyttri fjárveitingu.
- 2.5. Gerður er fyrirvari um að stjórnvöld kunna að ákveða aðhaldsaðgerðir við samþykkt fjárlaga og á SÍNE ekki kröfu á ríkissjóð eða rétt á bótum þótt framlag til samningsins verði lækkað eða fellt niður. Séu gerðar almennar aðhaldskröfur af hálfu ríkisins til málaflokka 21.1 eða 22.2 er heimilt að gera sömu kröfur til aðhalds í rekstri verkefna sem falla undir málaflokka 21.1 eða 22.2 hjá SÍNE.
- 2.6. Fjárhagsleg ábyrgð ríkisins vegna rekstrarverkefnisins takmarkast við þær fjárhæðir sem eru í samningnum.
- 2.7. SÍNE starfar samkvæmt lögum félagsins sem samþykkt voru með allsherjaratkvæðagreiðslu sem lauk þann 25. mars 2017.
- 2.8. SÍNE starfar í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um umsamda starfsemi og verkefni, en einnig, eftir því sem við á eftir lögum og reglugerðum um rekstur aðila sem kostaðir eru að verulegu eða öllu leyti af framlögum ríkisins.

3. Ábyrgð

- 3.1. SÍNE ber ábyrgð á starfsemi sem samningur þessi tekur til og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. SÍNE skal geta lagt fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.
- 3.2. SÍNE ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við samning þennan.
- 3.3. SÍNE er óheimilt að:
 - 3.3.1. Afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
 - 3.3.2. Framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

4. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála

- 4.1. Ráðuneytið greiðir árlegt framlag í tveimur hlutum, 1. mars og 1. september. Greitt er inn á bankareikning í viðskiptabanka SÍNE.
- 4.2. SÍNE skilar ráðuneytinu:
 - 4.2.1. Áætlun um rekstur og efnahag ásamt starfsáætlun, þar sem fram komi m.a. hvernig er áætlað að ráðstafa framlaginu og helstu starfsmarkmið sem unnið verður að fyrir lok september.
 - 4.2.2. Endurskoðuðum ársreikningi ársins á undan með skýringum fyrir lok ágúst og skal afrit jafnframt sent Ríkisendurskoðun.
- 4.3. Eigi SÍNE í viðskiptum við lögaðila sem það á eignarhluta í eða er í eigu fjárhagslegra tengdra aðila svo sem stjórnenda þess, eða annarra aðila, skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi.

5. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna verkefna

- 5.1. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.
- 5.2. Fyrir lok febrúar skilar SÍNE ráðuneytinu greinargerð um framkvæmd samningsins þar sem fram komi meðal annars hver staða verkefna er og hvernig framlagi var ráðstafað í samanburði við áætlun.
- 5.3. SÍNE skilar ráðuneytinu upplýsingum sem það kallar eftir vegna opinberrar upplýsingagjafar.

LOA
JCB

- 5.4. SÍNE veitir ráðuneytinu upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins. Ráðuneytið hefur heimild til að gera sjálfst eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samningsins. Í því sambandi hefur það óheftan aðgang að öllum gögnum sem máli skipta.
- 5.5. Samning þennan, ársreikning SÍNE, greinargerð um framkvæmd samnings og úttektarskýrslur skal birta á vef SÍNE jafnóðum og þessi gögn liggja fyrir. Ráðuneytinu er heimilt að birta gögnin á vef sínum.
- 5.6. Fulltrúar ráðuneytis og SÍNE funda í september ár hvert um samninginn.

6. Vanefndir og meðferð ágreinings

- 6.1. SÍNE tilkynnir ráðuneytinu tafarlaust ef talinn er vafi leika á að það geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt er greint frá úrræðum sem það hyggst grípa til.
- 6.2. Ráðuneytinu er heimilt að draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og endurkrefja um greiðslur uppfylli SÍNE ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.
- 6.3. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 6.4. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

7. Gildistími og lok samnings

- 7.1. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2019 til 31. desember 2023.
- 7.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 7.3. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.
- 7.4. Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili eintaki.

Reykjavík 1. júlí 2019



Mennta- og menningarmálaráðherra
Lilja Alfreðsdóttir



Samband íslenskra námsmanna erlendis
Jóhann Gunnar Þórarinnsson, formaður